



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á afmælisfagnaði  
Sjálfsbjargar, landssambands hreyfihamlaðra  
Reykjavík  
1. júní 2019**

Ágætu formaður og stjórnarliðar Sjálfsbjargar,  
starfsfólk og félagar samtakanna,  
og aðrir góðir gestir

Á sextugsafmæli Sjálfsbjargar færi ég ykkur heillaóskir, með von um velfarnað, gæfu og gengi í bráð og lengd. Þetta eru mikil tímamót og vel við hæfi að þeirra sé minnst með myndarbrag.

Margt hefur breyst til batnaðar frá því að fyrstu Sjálfsbjargarfélögin voru stofnuð fyrir rúmum sex áratugum og svo landssambandið Sjálfsbjörg, hinn 4. júní 1959. Margt hefur breyst til batnaðar frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Fátt gott segir af fólki með fötlun frá þeim tíma. Vissulega má hér þó finna undantekningar. Önundur hét landnámsmaður, Ófeigsson, barðist við lið Haraldar hárfagra í Hafursfjarðarorrustu á Hörðalandi í Noregi, missti þar annan fótinn en lét það ekki á sig fá, sigldi til Íslands, settist að á Ströndum, kallaður Önundur tréfótur. „Hann hefir fræknastur verið og fimastur einfættur maður á Íslandi,“ segir í Grettis sögu.

Það eru gömul sannindi og ný að mótlæti getur eflt fólk til dáða, blásið því kraft í brjóst. „Alltaf beita upp í vindinn, eygja, klífa hæsta tindinn”. Þessi vísuorð skar Ríkarður Jónsson myndhöggvari í fundarhamar úr fílabeini sem aðildarfélög Sjálfsbjargar gáfu landssambandinu á fimmta ársþingi þess. Ríkarði rann blóðið til skyldunnar; önnur dóttir hans Ólöf fékk lömunarveiki á barnsaldri og var ætíð ötul baráttukona fyrir réttindum hreyfihamlaðra.

Sjálfsagt er að geta hér líka fyrstu formanna Sjálfsbjargar, Emils Andersens og Theodórs A. Jónssonar. Allir þeir, sem sinnt hafa formennsku- og

stjórnarstörfum fyrir Sjálfsbjörg, eiga þakkir skildar fyrir þeirra mikla framlag. Ég vænti þess að á engan sé hallað þótt ég nefni hér aðeins eina formanninn sem ég kynntist lítillaga. Eitt sinn þurfti ég að sækja dálitlar bætur eftir umferðaróhapp og það atvikaðist svo að í málið var fenginn Jóhann Pétur Sveinsson lögfræðingur. Ungur hafði hann veikst af liðagigt og bar þess ætíð merki, „bundinn í hjólastól“ eins og þá var sagt en við eigum ekki að gera lengur. Ég verð að viðurkenna að mér fannst þetta fyrst óvenjulegt en Jóhann heitinn reyndist manni auðvitað afar vel, og sérlega ljúfur var hann í viðmóti eins og sumir hér muna eflaust.

Kæru vinir: Áður en ég tók við embætti þekkti ég lítið til heims hreyfihamlaðra, Síðan hef ég lært sitthvað og hef einsett mér að halda því áfram, hér í dag og síðar. Á fésbókarsíðu Sjálfsbjargar má til dæmis finna skemmtileg – ef það er rétta orðið – myndbönd um þær hindranir sem hreyfihamlaðir geta hvarvetna mætt, þrátt fyrir boðaða betri tíð. Víða er verk að vinna í þessum efnum.

Á öðrum sviðum mun réttindabarátta ykkar líka halda áfram. Ég hallast að því að það sé rétt sem starfsbróðir í heimi sagnfræðinnar, hinn franski Henri-Jacques Stiker, skrifaði í þekktu verki um sögu fötlunar, að samfélög skuli vega og meta eftir því hvernig komið er fram við fólk með fötlun.

Góðir áheyrendur. Fólk með hreyfihömlun þarf ekki meðaumkun, Hreyfihamlaðir þurfa aðeins þau sjálfsögðu réttindi sem allt fólk í öflugum samfélagi á skilið, frelsi og sanngirni, stuðning þegar þörf er á og réttinn til að sýna hvað í manni býr.

Ég ítreka hamingjuóskir til ykkar á þessum hátíðisdegi. Megi ykkur öllum farnast vel.